

## Abstract

In this essay the market for fresh fish in Germany and Great Britain is discussed. Furthermore the export of fresh fish from Iceland will be covered. The essay attempts to answer questions about how the fresh fish market in these countries has changed and how Icelandic companies have reacted to these changes.

Fish consumption is increasing in Iceland's biggest market Great-Britain. The growth is mainly in prepacked products and now sales are higher of prepacked products than wetfish from fishcounters. In Germany consumption of fresh fish has been stable for the last few years. Prepacked products in Germany are mainly recognised as fishsalat or marinated fishproducts. Fish consumption in Germany is mainly in the form of canned and marinated fishproducts.

Export of fresh cod and haddock from Iceland has been increasing as a rate of the total export of these products. Export of fresh saithe has been very unstable unlike redfish which has been quite stable. The importance of Great-Britain for fresh products made of cod and haddock from Iceland is substantial and has been increasing. But export of fresh saithe and redfish from Iceland to Germany has been quite stable.

The value of the export from Iceland has been increasing because of the product's higher processing level in Iceland, increasing prices and decreasing exchange rate of the Icelandic krona. The export value of products of saithe and redfish has not increased as much as cod and haddock because products of saithe and redfish are not as diverse. The value of the countries' currencies which purchase saithe and redfish hasn't increased as much as the value of the currencies of countries that purchase cod and haddock.

According to the survey made regarding this project most companies in fresh fish production in Iceland are quite young. Fresh fish production is often only a small part of the companies production but by vast majority this kind of production has been increasing.

## Ágrip

Í ritgerð þessari er fjallað um markaði í Þýskalandi og Bretlandi fyrir ferskar fiskafurðir og útflutning Íslendinga á ferskum fiski. Leitað verður svara um hvort breytingar hafi orðið á markaði í Þýskalandi og Bretlandi fyrir ferskar fiskafurðir og í framhaldi af því hvernig Íslendingar hafa brugðist við þeim breytingum.

Neysla á ferskum fiski er í stöðugri aukningu á stærsta markaði fyrir sjávarafurðir frá Íslandi þ.e. Bretlandi. Mest er aukningin í neyslu forpakkaðra afurða í Bretlandi og fer meiri sala fram í því formi en úr fiskborðum verslana. Í Þýskalandi hefur neysla á ferskum afurðum staðið í stað. Forpakkaðar afurðir eru nánast eingöngu þekkt sem fiskisalöt og marineraðar afurðir. Mest neysla á sjávarafurðum í Þýskalandi er í formi niðursoðinna og marineraðra afurða.

Útflutningur á ferskum þorski og ýsu frá Íslandi hefur verið að aukast mikið sem hlutfall af heildarútflutningi þessara tegunda en útflutningur ufsa og karfa hefur verið nokkuð stöðugur. Mikilvægi Bretlandsmarkaðar fyrir ferskar þorsk- og ýsuafurðir er verulegur og er alltaf að aukast. En útflutningur á ferskum ufsa- og karfaafurðum til Þýskalands hefur staðið nokkurn veginn í stað þrátt fyrir miklar sveiflur í útflutningi ufsa.

Verðmæti útflutnings á þorsk- og ýsuafurðum hefur farið sífellt vaxandi á árunum 1996-2001 vegna hærra vinnslustigs á þessum tegundum á Íslandi, hækkandi afurðaverðs og gengislækkunar krónunnar. Útflutningsverðmæti ferskra ufsa- og karfaafurða hefur ekki hækkað eins mikið og þorsk- og ýsuafurðir því að vinnsla á þessum tegundum er ekki eins fjölbreytt og vinnsla þorsks og ýsu. Einnig má nefna að gengi gjaldmiðla helstu viðskiptalanda Íslands með þessar afurðir hefur ekki hækkað eins mikið og gjaldmiðlar landa sem kaupa mikið af þorski og ýsu.

Samkvæmt könnuninni sem gerð var í tengslum þetta verkefni hafa flest fyrirtæki á Íslandi sem starfa að ferskfiskvinnslu ekki langa reynslu af slíkri framleiðslu. Oft er aðeins lítill hluti vinnslu þessara fyrirtækja ferskfiskvinnsla þótt hún hafi verið að aukast hjá þeim undanfarin ár. Ástæður aukinnar framleiðslu fyrirtækjanna var í flestum tilfellum betri samgöngur og hærra markaðsverð. Ferskfiskframleiðendur á Íslandi sinna stóreldhúsamarkaði erlendis í flestum tilfellum og er þorskur og karfi þær tegundir sem í aðallega eru unnar í ferskar afurðir.